

Gallerí 15

Myndlist Bragi Ásgeirsson

Enn einn sýningarsalur hefur verið opnaður í gömlu borginni, nánar tiltekið að Skólavörðustíg 15 og hefur hlotið nafnið Gallerí 15.

Sýningarsalurinn er í kjallara timburhúss og er í honum hlaðinn veggur, sem verður að teljast til fornminja því að hann var gerður árið 1896.

Dökkir bitar eru í lofti og eiginlega er salurinn allur hinn vistlegasti og vel fallinn fyrir hinar minni og notalegri sýningar. En í ljósi þess hve allur bragur er þarna forn og íslenskur hefði verið upplagt að nefna salinn „Myndhús 15“. Ekki síst vegna þess að á efri hæðinni er velþekkt verslun með myndlistarvörur og húsið þannig allt undirlagt hlutum til myndrænna athafna. Hinn framtaksami eigandi hússins er **August Hákansen**, sem fyrst rak skiltagerð og seldi jafnframt handíða- og myndlistarvörur en hefur nú alfarið snúið sér að hinu síðastnefnda. Gefið skiltagerðina upp á bátinn en snúið sér að gömlu hugðarefni þ.e.a.s. að mála.

Ungur stundaði August listnáms en svo sem margur varð hann að fella þar seglin er hann gerðist fjölskyldumaður og barst út í ólgusjú brauðstritsins.

August ríður sjálfur á vaðið með sýningu á 25 myndverkum — einni teikningu af Óla Maggadan frá 1927, nokkrum gömlum olíumyndum en aðallega nýrri vatnslitamyndum.



August Hákansen með þrjár af myndum sínum.

Eldri myndirnar tel ég að séu tvímælalaust athyglisverðasti hluti sýningarinnar og þær bera vott um ákveðna tegund hæfileika, sem enginn veit hvernig þróast hefðu við eðlilega útrás því að eftir sýningarskránni að dæma líða nú 43 ár þangað til gerandinn fer aftur að munda pentskúfínn sjálfur í stað þess að rétta hann öðrum yfir búðarborðið.

August valdi vatnslitatakna, er hann fór að mála á ný og hér er yfirbragðið allt annað en í gömlu myndunum. Nálgast hann vatnslitinn af yfirvegan og varfærni hins lífsreynda manns, en gömlu myndirnar hins vegar vísa til forvitni og eftirvæntingar æskunnar.

Vatnslitatakinn er afar erfið og vandmedferðin en þó nær August furðugóðum tókum á henni í myndum svo sem „Hreggnasi“ (8) og „Fallinn kofi“ (11) og er í þeim myndum næst því að taka upp þráðiunn þar sem frá var horfið forðum daga.

Einlægni tilfinningamansins og fagurkerans skín úr öðrum myndum en vístast mætti August voga meiru því að varfærnin er hér hans stærsti þroskuldur enn sem komið er.

Allt um það þá hafði ég ánægju af innliti á þessa litlu og snótru sýningu og vona að listhúsið eigi langa lífdaga fyrir höndum. En það ræðst af rekstrarforminu, útsjónarsemi og umfram allt vænum skammti af þolinmæði.

En „þolinmæði þrautir vinnur allar“ eins og lærisveinn Leonardo da Vinci, Giovanni Boltraffio hafði að viðkvæði...



Eggert Magnússon við nokkur verka sinna.

Af skynsviði

Sumir myndlistarmenn eru svo lánsamir að hafa sveigt hjá öllum utanaðkomandi áhrifum um þeirra daga — þeir mála bókstaflega það sem þeim dettur í hug hverju sinni. Koma til dyra eins og þeir eru klæddir í hugtaksins ótvíræðustu merkingu.

Einn þessara manna er Reykjavíkingurinn **Eggert Magnússon**, sem kynnir allnokkrar myndir sínar í vestri gangi Kjarvalsstaða fram til 13. desember.

Eggert var lengstum sjómaður og í því starfi fór hann víða og kynntist framandi og litríku mannlíf — var við fiskveiðar í Gambú og á hvalskípi á Norðurhöfum. Hefur starfað sem vélstjóri í nær hálfa öld.

Frá því að þessi sérstæði persónuleiki kom fyrst fram sem málari fyrir rúmum tveim áratugum hefur hann ávallt að meginhluta til sótt myndefni í litríku minni úr fortíð sinni, og gert það á sinn sérstæða og ópinskúa hátt að góða athygli hefur vakið meðal starfandi myndlistarmanna svo og gagnrýnenda dagblaðanna.

Skýringin er trúlega sú, að Eggert málar á svo sláandi skynrænan og einlægann hátt, að menn geta ekki annað en hrifist. Hann er ekki þrúgaður af ytra byrði sjónreynslu sinnar heldur smíðar myndir sínar í kringum innri hughrif úr fortíð og nútíð. Frásögnin er nokkuð hrjúf og stórkarleg en alltaf hrein, bein

Kantötu- kór Frí- kirkjunnar

Tónlist

Jón Ásgeirsson

Kantökúró Fríkirkjunnar undir stjórn Pavel Smid stóð fyrir tónleikum 3. og 5. desember og var undirritaður viðstaddur seinni tónleikana. Á efnisskránni voru nokkrir jólasöngvar og tékknesk jólamessa eftir Jan Jakub Ryba (1765–1815), sem var afkastamikil tónskáld og m.a. fyrstur Tékká til að semja „lieder“-söngverk. Tónleikarnir hófust með h-moll prelúdíum og fúgunni eftir J.S. Bach (BWV 544) en fúgustefið er byggt á nærri því sömu tónskipan og íslenska þjóðlagið Undir bláum sólarali, en munar þó því að vera í moll. Voileta Smid lék þetta glæsilega orgelverk mjög vel, nokkuð hægt í heild, er gaf verkinu skýran og hátíðlegan blæ. Voileta er feikna góður orgelleikari og sama má segja um mann hennar, Pavel, en hann lék undir í tékknesku jólamessunni og Violeta sló takt fyrir kórinn.

Kantökúró Fríkirkjunnar er um margt vel mannaður og þó enn megi merkja nokkurn óróa og að tóntakið sé nokkuð hrátt, var söngur kórins oft mjög áheyrilegur og óhátt að fullyrða að Pavel er þarna á góri leiki með að byggja upp góðan kór. Einsöngvarar í jólamessu Ryba voru Elin Sigurvinsdóttir, er átti þarna nokkrar vel sungnar einsöngsströfur. Elin var sú eina af einsöngvurum sem þegar hefur getið sér gott orð sem einsöngvari en aðrir eru enn í námi. Dúfa Einarsdóttir altsöngkona er í framhaldsnámi en Snorri A. Wium (tenor) og Sigurður Steingrímsson (bassi) eru styttra komnir og lofar frammistaða þeirra þriggja mjög góðu, að hér séu á ferðinni efnilegir einsöngvarar.

Jólamessan eftir Ryba er í svipuðum stíl og var í tíska á tímum Mozarts og þótti sá stíll einum of léttur, allt að því gáleysislegur eða óperulegur og ekki henta flutningi trúartexta. Þetta var einnig sagt um trúarverk Mozarts en þar skilur á milli að þetta verk Ryba er ekki spennandi í gerð, þó einstaka kaflar þess séu sérlega fallegir. Þegar frumflutt eru tónverk eins og þessi jólamessa hefði vel mátt fjölríta þýska textann og jafnvel láta íslenska þýðingu fylgja með. Slík tillitssemi við hljómeikagesti hefur tíðkast undanfarin ár og gefist vel. Í heild voru tónleikarnir ánægjulegir og flutningur Voileta á verki Bachs sérlega góður, sem lofar góðu um stöðu tónmenntar í Fríkirkju framtíðarinnar.

„GLUGGINN GALLERÍ“

Myndlist

Bolli Gústavsson í Laufási


Helgi Vilberg listmálari opnaði þann 28. nóvember sl. sýningu á 20 myndum í nýjum sýningarsal á Akureyri, sem hlotið hefur nafnið Glugginn gallerí. Með framtaki þeirra einstaklinga, sem standa að rekstri þessa salar, hefur verið opnaður nýr gluggi í höfuðstað Norðurlands, sem ætti að verða íbúunum og nágrönnum æskileg loft-ræsting til andlegrar heilsubótar, því hann uppfyllir ströngustu kröfur, sem gerðar verða um sýningaradstöðu bæði hvað varðar innréttingu og lýsingu. Er þess að vænta að Glugginn verði listamönnum hvatning til þess að sýna hér á norðurlóð. Og vel hefur tekist til um fyrstu sýningar, en lítið verð frá þeim sagt og ekkert um þær fjallað í fjölmiðlum. Því er hér sýnd dulítil viðleitni, sem ekki er þó byggð á grundvallarí myndlistarmenntun, heldur brotakennandi reynslu áhugamanns um myndlist

og verður svo að vera meðan ekki fást hæfari menn til þessa nauðsynlegra verkefnis.

Helgi Vilberg á alllangan myndlistarferil að baki, en þó er þetta aðeins fjórða einkasýning hans á 13 árum, eða frá því hann lauk prófi frá Myndlista- og handíðaskóla Íslands vorið 1973. Liggja til þess gildir ástæður, því hann hefur um árábil eytt starfskröftum sínum við uppbyggingu Myndlistarskólans á Akureyri og unnið þar ótvíræða mennta- og menningardáð til hagsbóta fyrir land og þjóð, því góðir listamenn eru ekki séreign ákveðinna byggðarlaga, sem hafa fósttrað þá, þótt þeir geti gefið þeim svip og reyn eins og sagt hefur verið um sum skáld á Akureyri.

En nú hefur Helgi, þrátt fyrir annrki og erl við Myndlistarskólann, gefið sér tíma til þess að vinna að þessum 20 myndverkum, sem njóta sín næsta vel í salnum og mega hvorki vera fleiri eða færri. Allar eru myndirnar unnar í akrýl á striga. Það er eitt af persónueinknum Helga, hvað hann er glöggur hönnuður og nákvæmur.

Það liggur við, að maður fái á tilfinninguna, þegar komið er inn á sýningu hans, að hann hafi haft þennan sal í huga, meðan hann vann að myndunum og þeim skyldi ætlaður þar varanlegur samastaður. En ekki ber að meta þetta sem neikvæða athugasemd, því þegar myndirnar eru skoðaðar dylst manni ekki að hér er á ferð alvarlegur listamaður, sem hvorki hefur vanrækt menntun sína, hæfileika eða andagift. Hann gefur sér hins vegar aldrei of lausan taum, heldur beitir sjálfan sig mjög ströngum aga í myndunum, sem eru flestar stórar og allar óhlutstæðar myndir. Er það nýr áfangi á myndlistarþróun Helga, sem hefur glímt við landslag í impressionistiskum stíl og einnig sýnt surrealistiskar tilhneigingar. Formin, sem oft jafna nú við að vera geometrisk, kunna í fyrstu að virðast einhæf, jafnvel sterkt mótuð af næsta umhverfi Helga. Skarpur þríhyrningurinn, sem einkennir margar myndanna, orkar á áhorfandann fremur sem náttúrutákn en trúarleg eða heimspökileg skírskotun og einhverjum



Helgi Vilberg við eitt verka sinna.

kann að koma Súlutundur í hug, ekki að ófyrirsýnu; sbr. mynd nr. 5, Heiðsæi. En hvað sem um það verður sagt, þá er augljóst að Helgi hefur þetta form á valdi sínu, en glímur fyrst og fremst við liti og nær langt í þeim djarfa leik. Hann hefur tekið stórt og ákveðið skref

fram á við og tekist að móta persónulegan stíl með litunum, ferskan og oft svalan, en heillandi eins og þegar veður er tærast við Eyjafjörð. Sérstaklega lætur Helga vel að vinna stór verk. Þau verða rismikil og næsta áleitni í minningunni.